

Stjórn Almannaheilla

Stjórnarfundur haldinn fimmtudaginn 14. mars kl. 12:00 á Teams

Mætt: *Hildur Helga Gísladóttir, Ingveldur Jónsdóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson og Tómas Torfason*

Forföll: *Anna Margrét Hrólfadóttir, Guðrún Helga Harðardóttir, Tryggvi Axelsson, Ásdís Eva Hannesdóttir, Berglind Gunnarsdóttir Strandberg, Ragnar Schram, Ragnhildur Freysteinsdóttir, Sigríður Sólan, Una Sveinsdóttir og Viðar Eggertsson.*

Fundargerð

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn stundvíslega.

2. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir gerðar.

3. Aðalfundur 2024

Kjörnefnd: Hildur ætlar að leiða kjörnefnd og kalla með sér auka manneskju.

Tímasetning aðalfundar: Samþykkt að hefja fund kl. 15:30. Á síðasta fundi var ákveðið að halda hann þriðjudaginn 7. maí og halda hann hjá KFUM og KFUK.

Fundarstjóri og fundarritari: Ákveðið að leita til Auðar Þorsteinsdóttur, framkvæmdastjóra UMFÍ. Jón Aðalsteinn tekur það að sér. Hefð er fyrir því að ekki sé sami fundarstjóri marga aðalfundi í röð, heldur sé leitað til formanna eða framkvæmdastjóra ólíkra aðildarfélaga.

Gestur á fundinn: Niðurstaðan að leita til Einars Þorsteinssonar borgarstjóra, m.a. vegna aðkomu borgarinnar að Fundi fólksins. Tómas mun athuga með hann.

Reikningar: Ingveldur mun athuga stöðuna á ársreikningnum.

4. Húsnæðismál

Hugmyndir hafa komið fram frá Stefaníu í Einurð um að bættu nýtingu á húsnæðinu í Urriðaholti. Stjórnin áréttir að þau félög sem fá inni hjá okkur séu aðildarfélög í Almannaheill, eða stefni að því að verða aðildarfélög í Almannaheill. Ingveldur er með boltann fyrir hönd stjórnar.

5. Fundur fólksins

Tómas greindi frá samtölum sínum við Skátana að koma að viðburðastjórnun vegna Fundar fólksins. Áhugi til staðar en gengur ekki upp. Jafnframt hefur hann reynt að ná sambandi við Norræna húsið. Mun athuga það aftur.

Tillaga um að leita til Eyrúnar Magnúsdóttur blaðamanns um verkefna- og viðburðastjórn vegna fundar fólksins. Jón Aðalsteinn mun tala við hana.

6. Önnur mál

Umræða um virkni stjórnarinnar og kosti og galla þess að hafa sjö manna stjórn og sjö manna varastjórn t.d. í samanburði við sjö manna stjórn auk tveggja varamanna.

7. Fundi slitið

Fundarfólki þakkað fyrir fundarsetu og fundi slitið kl. 12:58